

Subject: Skipulags- og mannvirkjanefnd - 626 : 2024010062 - Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2024

2024010062 - Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2024

Lögð fram umsagnarbeiðni úr samráðsgátt stjórnvalda, dags. 19. febrúar 2024, mál nr. 47/2024, "Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 96/2023 um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir (ETS2-kerfið)". Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið óskar eftir umsögnum við drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 96/2023 um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir (ETS2-kerfið). Við samþykkt frumvarpsins verður tilskipun ESB 2023/959 sem breytir tilskipun 2003/87/EB (ETS-tilskipunin) að fullu innleidd. Í tilskipun 2023/959 sem breytir ETS tilskipuninni, er í IVa kafla fjallað um nýtt hliðstætt viðskiptakerfi svokallað ETS2-kerfi sem mun ná utan um losun frá byggingum (húshitun), vegasamgöngum og viðbótargeirum. Frestur til umsagna er til og með 4. mars 2024.

Lagt fram til kynningar. Skipulags- og mannvirkjanefnd setur þó spurningarmerki við samfélagslegan kostnað vegna innleiðingar.

Þetta tilkynnist hér með.
f.h. skipulagsfulltrúa



Helga Þuríður Magnúsdóttir
verkefnastjóri á umhverfis- og eignasviði
Ísafjarðarbær
450 8000 - www.isafjordur.is

Ísafjarðarbær hefur hlotið [jafnlaunavottun](#) og [silfurvottun EarthCheck](#).
[Fyrirvari um meðferð tölvupósts. Disclaimer.](#)